

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2009/EES/43/01		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5533 Bertelsmann/ KKR/JV)	1
2009/EES/43/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5540 – Lion Capital/ CEDC/Russian Alcohol Group) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	2
2009/EES/43/03		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5575 – Orbeo/Parts of OneCarbon) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	3
2009/EES/43/04		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5582 – Gonvarri/Severstal/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	4
2009/EES/43/05		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5605 – Crédit Mutuel/Monabanq)	5
2009/EES/43/06		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5606 – Uniq/veneto Banca/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	6
	3.	Dómstóllinn	

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5533 – Bertelsmann/KKR/JV)

2009/EES/43/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. ágúst 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Bertelsmann AG („Bertelsmann“) og bandaríska fyrirtækið Kohlberg Kravis Roberts & Co LP („KKR“), öðlast með hlutafjárkaupum í nýstofnuðu félagi um sameiginlegt verkefni í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í fyrirtækinu Newco.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Bertelsmann: alþjóðlegt fjölmiðlafyrirtæki sem gefur út sjónvarpsefni, bækur og tímarit, rekur fjölmiðlaþjónustu og bóka- og fjölmiðlaskúla
 - KKR: fjárfestir í óskráðum félögum
 - Newco: stjórnun og nýting á réttindum á upptekinni tónlist og útgáfuréttindum á tónlist. Réttindin yfirfærast frá Bertelsmann (BMG – fyrirtæki sem annast réttindaumsýslu) og munu fást frá Crosstown Songs America LLC.
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 188, 11. ágúst 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5533 – Bertelsmann/KKR/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2009/EES/43/02****(Mál COMP/M.5540 – Lion Capital/CEDC/Russian Alcohol Group)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 31. júlí 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Lion Capital LLP („Lion Capital“) og bandaríska fyrirtækið Central European Distribution Corporation („CEDC“), öðlast í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í rússneska fyrirtækinu CJSC Russian Alcohol Group og dótturfyrirtækjum þess („Russian Alcohol Group“) með veitingu tiltekins samningsbundins réttar til að beita neitunarvaldi.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Lion Capital: fjárfestingar í óskráðum félögum
 - CEDC: framleiðsla á vodka og dreifingaraðili fyrir áfenga drykki
 - Russian Alcohol Group: framleiðandi og dreifingaraðili á vodka og tilbúnum áfengum drykkjum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 186, 8. ágúst 2009). Þær má senda með símbreyfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5540 – Lion Capital/CEDC/Russian Alcohol Group, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5575 – Orbeo/Parts of OneCarbon)**

2009/EES/43/03

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. ágúst 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Orbeo sem er sameiginlegt verkefni sem skiptist til helminga og lýtur yfirráðum frönsku fyrirtækjanna Société Générale og Rhodia, öðlast með eignakaupum yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í hlutum hollenska fyrirtækisins OneCarbon International B.V. („OneCarbon“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Société Générale: Almenn bankaþjónusta og fjármálaþjónusta, viðtæk fjárfestingastjórnun og tengd þjónusta og bankastarfsemi sem lýtur að fyrirtækjum og fjárfestingum
 - Rhodia: þróun og framleiðsla á sérstökum iðefnum til ýmissa nota, þ.m.t. sem tengist vélknúnum ökutækjum, rafeindatekni, bragð- og ilmefnum, heilsugæslu, til hreinlætisnota fyrir einstaklinga og heimili, í vörur til neytenda og til nota í iðnaði
 - Orbeo: viðskipti með réttindi til kolefnislosunar, einkum vottaðar losunarskerðingar og losunarheimildir Evrópusambandsins
 - OneCarbon: sú starfsemi sem þessi viðskipti eiga við eru viðskipti með virðisauka (Added Value Trading (AVT)) og þróun kolefnisheimilda (Carbon Credit Development (CCD)). CCD felst í ráðgjöf og aðstoð við framkvæmdaraðila verkefna sem miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. AVT felst í að kaupa heimildir til að draga úr losun sem gefnar eru út í tengslum við verkefni er varða minni losun gróðurhúsalofttegunda og selja viðskiptafélögum tengdar heimildir.
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 191, 14. ágúst 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5575 – Orbeo/Parts of OneCarbon, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5582 – Gonvarri/Severstal/JV)

2009/EES/43/04

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 31. júlí 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem rússneska fyrirtækið Severstal öðlast með hlutafjárkaupum sameiginleg yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í rússneska fyrirtækinu Holding Gonvarri Russia S.L. („Gonvarri Russia“) sem er í eigu spænsku fyrirtækjasamtæðunnar Gonvarri Corporación Financiera S.L. („Gonvarri“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Gonvarri: vinnsla og dreifing á stáli og hönnun, þróun og framleiðsla á málmvarahlutum í vélknúin ökutæki
 - Severstal: stálframleiðsla og námuvinnsla
 - Gonvarri Russia: vinnsla og dreifing á stáli
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 186, 8. ágúst 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5582 – Gonvarri/Severstal/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M. 5605 – Credit Mutuel/Monabanq)**

2009/EES/43/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. ágúst 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Banque Federative du Credit Mutuel S.A. („Credit Mutuel“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í franska fyrirtækinu Monabanq.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Credit Mutuel: viðskipti með vörur og þjónustu í tengslum við banka- og tryggingasvið, aðallega í Frakklandi
 - Monabanq: bankaþjónusta við einstaklinga og tryggingastarfsemi, aðallega í Frakklandi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 189, 12. ágúst 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M. 5605 – Credit Mutuel/Monabanq, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5606 – Uniqa/Veneto Banca/JV)

2009/EES/43/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. ágúst 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem austurríska fyrirtækið Uniqa Versicherungen AG („Uniqa“), sem lýtur í sameiningu yfirráðum austurrísku fyrirtækjanna Raiffeisen Zentralbank Österreich („RZB“), Austria Versicherungsverein auf Gegenseitigkeit Privatstiftung („Austria Verein“) og Collegialität Versicherung auf Gegenseitigkeit („CollVerein“), og ítalska fyrirtækið Veneto Banca Holding S.C.p.A. („VB“) öðlast með hlutfjárkaupum í nýstofnuðu félagi um sameiginlegt verkefni í sameiningu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í fyrirtækinu Claris sem sinnir þessum viðskiptum sérstaklega og er nú í eigu ítalska fyrirtækisins VB („JV“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Uniqa: tryggingafélagasamtæða með starfsemi á öllum sviðum tryggingamála (líftryggingar, skaðatryggingar og endurtryggingar)
 - RZB: fjármálaþjónusta við viðskiptafyrirtæki jafnt á staðarvísu og á alþjóðlegum/fjölþjóðlegum vettvangi og við fjármálastofnanir um heim allan
 - Austria Verein: sjálfseignarstofnun sem lýtur austurrískum lögum
 - CollVerein: gagnkvæmt tryggingafélag sem lýtur austurrískum lögum
 - VB: eignarhaldsfélag ítalskrar fyrirtækjasamtæðu sem annast banka- og fjármálaþjónustu
 - JV: mun starfa á sviði líftrygginga á Ítalíu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 186, 8. ágúst 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5606 – Uniqa/Veneto Banca/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.